



Félag náms- og starfsráðgjafa

MAÍ 2016

F
R
É
T
T
A
M
O
L
I

Frá seinasta stjórnarfundum...

- Aðalfundur félagsins var haldin 29. apríl sl. í húsi Mímis-símenntunar að Öldugötu. Salurinn var þokkalega fylltur en ánægjulegt hefði verið að sjá fleiri félagsmenn. Eftir hefðbundin félagsstörf var tíminn nýttur til spjalls og tengslamyndunar, boðið var upp á ljúffengar veitingar og skemmtilegt söngatriði. Í framhaldinu fór svo góður hópur á Slippbarinn þar sem gleðin hélt áfram.
- Aðalfundur 2016 samþykkti ályktun sem stjórn FNS lagði fram. Í ályktuninni er óskað eftir að MRN haldi áfram þeirri vinnu sem starfshópur, skipaður af ráðuneytinu, skilaði af sér í maí 2015 í formi skýrslu um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Skýrslan hefur legið óhreyfð í ráðuneytinu síðan þá. Ályktunin hefur verið send til allra þeirra sem komu að skýrslunni og til helstu fjölmiðla. Skýrsluna má finna á fns.is.
- Á heimasíðu FNS hefur verið birtur listi yfir alla náms- og starfsráðgjafa sem hafa leyfisbréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- Stjórn félagsins hefur fengið styrki til að halda tvö námskeið fyrir félagsmenn. Eitt verður haldið í júní og hitt í september og vonum við að félagsmenn geti nýtt sér þessi námskeið.
- Verið er að leita tilboða fyrir félagsmenn FNS til að fara í hópferð á alþjóðlega [ráðstefnu IAEVG](http://raostefnu.laevg.is) sem haldin verður í Madrid 15. - 18. nóvember 2016. Upplýsingar um hópferðina berast fljótlega.
- Hægt er að lesa fundargerðir stjórnar á fns.is.

Ný stjórn félagsins 2016-2017

Ingibjörg Kristinsdóttir - formaður

Soffía Valdimarsdóttir - gjaldkeri

Helga Tryggvadóttir

Margrét Arnardóttir

Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir

Kristín Birna Jónasdóttir

Unnur Símonardóttir

Fræðslunefnd...

Félagsmönnum var boðið í óformlegt spjall til Samtaka atvinnulífsins þar sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Guðrún Eyjólfsson tóku á móti hópnum. Góð mæting var á fundinn og voru félagsmenn almennt sammála því að þetta hefði verið afar fróðlegur og gagnlegur fundur. Vegna gagnkvæms áhuga er fyrirhugað að hafa fleiri fundi með aðilum SA á komandi starfsári.

